

**Tillaga að breytingu á samþykktum um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar:**

**SAMÞYKKT**

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 1. mgr. 28 gr. samþykktarinnar verði kveðið á um að reglulegir fundir bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar verði kl. 8.10 einu sinni í viku. Eftir breytingu hljóðar greinin svo:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku, á fimmtudögum kl. 8.10.

2. gr.

Í B. lið 46. gr. samþykktarinnar verði felldur niður töluliður 7 um kjaranefnd. Eftir breytingu hljóðar B. liður 46. gr. þannig:

**B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:**

1. *Félagsmálanefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
2. *Frístunda- og menningarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréf fyrir nefndina.
3. *Fræðslunefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
5. *Eigna- og veitunefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina.
6. *Umhverfisnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina

3. gr.

Einum staflið verður bætt við ákvæði 52. gr. reglnanna þar sem sviðstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs verður veitt heimild til að gefa út afnotaleyfi vegna landsvæða sveitarfélagsins. Eftir breytingu hljóðar 52. gr. þannig:

Framsál bæjarstjórnar og nefnda til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Bæjarstjórn er heimilt að fela embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar. Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur í samþykkt um stjórn og fundarsköp eða í sérstakan viðauka með samþykkt um fullnaðarafgreiðslu embættismanna en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi fagnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Bæjarstjórn felur eftirtöldum embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála:

A) Sviðsstjórum fjármála- og fjölskyldusviðs í sameiningu að afgreiða umsóknir um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars skv. 25. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

B) Sviðsstjóra fjármálsviðs að afgreiða umsóknir um styrki til greiðslu fasteignaskatts af húsnæði sem ekki er nýtt í ágóðaskyni svo sem vegan menningar-, íþróttar-, æskulýðs og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum skv. reglum sveitarfélagsins þar um dags. 9. desember 2009.

C) Sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs að afgreiða umsóknir um afnotaleyfi, þ.e. umsóknir um afnot af landi sveitarfélagsins fyrir viðburði eða önnur afnot, eða rofs á yfirborði, þ.e. leyfi til graftar utan lóða.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til þess sem ákvörðunina tók og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

#### 4. gr.

Við D. lið 46. samþykktarinnar breytist þannig að við bætist einn töluliður, 3. töluliður, þar sem kveðið er á um að sett verði á fót almannavarnarráð Árborgar. D. liður 46. gr. hljóði eftir breytinguna þannig:

#### **D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:**

1. Hverfisráð. Hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar skulu vera fjögur talsins og starfa á Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og í fyrrum Sandvíkurhreppi. Hvert hverfisráð skal skipað fimm fulltrúum og tveimur varamönnum kosnum af bæjarstjórn samkvæmt samþykktum ráðsins. Fulltrúar í hverfisráð eru kosnir til tveggja ára í senn.
2. Ungmennaráð Árborgar. Ungmennaráð skal skipað níu fulltrúum og fjórum til vara. Bæjarstjórn skipar ungmennaráð formlega eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi ungmennaráðs. Kjörtímabil ráðsins er frá upphafi árs til áramóta ár hvert. Hluti fulltrúa skal sitja í ráðinu eitt kjörtímabil en hinn helmingurinn í tvö kjörtímabil.
3. Almannavarnarráð Árborgar. Almannavarnarráð Árborgar skal skipað þremur fulltrúum og þremur til vara skv. erindisbréfi fyrir ráðið.

#### 5. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.